



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

MINNISPENINGUR OG HEIÐURSVIÐURKENNING FRÁ FORSETA RÚSSLANDS DMITRY MEDVEDEV

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands tók í dag við minnispeningi og heiðursviðurkenningu sem forseti Rússlands Dmitry Medvedev og sérstök minningarnefnd um síðari heimsstyrjöldina hefur ákveðið að veita forsetanum vegna stuðnings hans við viðburði og athafnir sem tengjast varðveislu sögu föðurlandsstríðsins mikla en svo nefna Rússar síðari heimsstyrjöldina.

Forseti Íslands átti ásamt öðrum frumkvæði að því að haldið var í Háskóla Íslands fjölsótt alþjóðlegt þing um skipalestirnar sem fóru um Ísland og Norður-Atlantshafið áleiðis til Rússlands í seinni heimsstyrjöldinni. Hann hefur jafnframt stuðlað að sýningum um þessar skipalestir og lagt því lið að reistur var minnisvarði í Fossvogskirkjugarði um þá sem fórust í þessum siglingum.

Það var sendiherra Rússlands á Íslandi Andrey V. Tsyganov sem fyrir hönd Dmitry Medvedev forseta Rússlands afhenti forseta Íslands minnispeninginn og viðurkenninguna á Bessastöðum.

5. janúar 2011

Mynd frá atburðinum má nálgast á vefsetri embættisins forseti.is.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).